

Alþingiskosningar laugardaginn 29. október 2016.

Kjörstaðir í Akureyrarkaupstað eru í Verkmenntaskólanum á Akureyri, í Hríseyjarskóla og í Félagsheimilinu Múla Grímsey. Akureyrarkaupstað verður skipt í 12 kjördeildir, 10 á Akureyri, ein í Hrísey og ein í Grímsey. Skipting kjósenda í kjördeildir fer eftir búsetu og eru kjósendur beðnir um að kynna sér í hvaða kjördeild þeim ber að kjósa.

Kjölfundur hefst á Akureyri, í Hrísey og í Grímsey klukkan 9:00 og lýkur eigi síðar en klukkan 22:00.

Kjósendur í Hrísey og Grímsey athugið, að kjörstað kann að verða lokað fyrr að uppfylltum skilyrðum 66. gr. laga nr. 5/1998. Þeir eru því hvattir til að mæta á kjörstað fyrir kl. 17:00. Kjörstaðir í Hrísey og Grímsey verða þó að lágmarki opnir til kl. 17:30 nema allir á kjörskrá hafi kosið fyrir þann tíma.

Á kjördegi hefur kjörstjórn aðsetur á bókasafni VMA. Netfang kjörstjórnar er kjorstjorn@akureyri.is og á kjördegi er sími hennar 464-0350 og faxnúmer 464-0351. Kjörskrá liggur frammi frá 19. október 2016 og miðast hún við skráð lögheimili kjósenda hjá Þjóðskrá Íslands þann 24. september 2016. Kjósendum er frjálst að skoða kjörskrána og mun hún liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, Akureyri. Þá er kjörskrána einnig að finna á veffanginu: www.kosning.is

Kjósendur skulu viðbúinir því að vera krafðir um persónuskilríki eða önnur kennivottorð á kjölfundi.

Akureyri 24. október 2016.

Kjörstjórnin á Akureyri
Helga G. Eymundsdóttir
Þorsteinn Hjaltason
Júlí Ósk Antonsdóttir



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

